



A 1893/vækst

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

**Þingmannatillaga
um vottunarkerfi fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu****Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að innleitt verði vottunarkerfi fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu.

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þróuð verði heildstæð viðmið um sjálfbæra ferðaþjónustu sem náí til allra þátta ferðaþjónustugeirans.

Bakgrunnur

Sjálfbærni er orðin miðlægur þáttur í ferðaþjónustugeira. Mikil áhersla á loftslagsbreytingar og náttúruvernd hefur í för með sér að margt ferðafólk sækist eftir sjálfbærni á ferðum sínum. Fyrir vikið halda ýmsir aðilar í ferðaþjónustu fram sjálfbærni í markaðssetningu sinni, á sama tíma og aðilar ferðaþjónustu reyna að innleiða sjálfbærniþætti í rekstur sinn.

Því miður er erfitt að segja hvað sé sjálfbær ferðaþjónusta í raun. Nægir að hótél noti mild þvottaefni, að veitingahús noti staðbundin matvæli eða að ferjur séu rafknúnar?

Markmiðið með tillögunni er að samin verði heildstæð viðmið sem aðilar ferðaþjónustu á Norðurlöndum geta uppfyllt til að geta markaðssett þjónustu sína sem sjálfbæra. Með því að semja heildstæð sjálfbærni viðmið eru aðilar í ferðaþjónustu um leið hvattir til heildstæðra aðgerða til að öðlast vottun.



Vert er að íhuga hvort innleiða eigi áfangavottun en hún myndi gera þjónustuaðilum kleift að auka stöðugt á sjálfbærni þjónustunnar.

Norðurlöndum, 28. september 2021

Aksel V. Johannesen (Jvfl.)

Alexander Grandt Petersen (S)

Anders Kronborg (S)

Anna Vikström (S)

Annette Lind (S)

Camilla Gunell (ÅSD)

Emilia Töyrä (S)

Erkki Tuomioja (sd)

Eva Lindh (S)

Eveliina Heinäluoma (sd)

Gunilla Carlsson (S)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Jorodd Asphjell (A)

Kasper Roug (S)

Kim Kielsen (S)

Lars Mejern Larsson (S)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Orla Hav (S)

Per-Arne Håkansson (S)

Stein Erik Lauvås (A)